

Höfum alltaf verið skömmuð

Septem '85 á Kjarvalsstöðum

„Við höfum alltaf verið skömmuð, fyrst fyrir framúrsteftu og nú fyrir að vera afturúr.“ Það er Valtýr Pétursson sem hefur orðið fyrir Septemhöpnum sem nú efnir í þrettánda sinn til samsýningar. „Við erum orðin fullorðin, það er rétt, en gömul erum við ekki. Ef til vill má þó líta á okkur sem síðustu móhikanana.“

Þau eru fimm sem að þessu sinni koma fram fyrir hönd Septemhöpsins. Það eru Guðmunda Andrésdóttir, Guðmundur Benediktsson, Jóhannes Jóhannesson, Kristján Davíðsson og Valtýr Pétursson. Hafsteinn Austmann er innlendi gestur höpsins að þessu sinni. Að vanda sýnir einn erlendur gestur með höpnum. Að þessu sinni er það Daninn Jens Urup. Hann sýnir steinda glugga sem fara eiga í Sauðárkrókskirkju.

Fyrsta sýning Septemhöpsins var haldin árið 1947. Síðan varð nokkurt hlé á sýningu. Hin síðari ár hafa þær þó verið árlegur viðburður.

„Þessi hópur hefur alltaf verið inn-

byrðis sundurleitur en samt hefur samstarfið alltaf gengið vel,” segir Valtýr. „Við höfum alltaf haft áhuga á málverkinu. Þó er nú venju fremur

mikið af vatnslitamyndum. Nú, svo er Guðmundur með skúlptúra. Eg held að það sé dálítil breyting frá því síðast. Annars er þetta lokaður hópur. Við för-

um okkur hægt í að taka nýja í hópinn. Það sýnir að við erum svolítið góð með okkur!“

Sýning Septemhöpsins er að þessu

sinni í austursal Kjarvalsstaða. Hún hófst í fyrradag, síðasta dag ágúst-mánaðar. Annars er september mánuður höpsins.

GK

Gefur mér vinnu-frið

— segir Steinunn Þórarinsdóttir myndhöggvari sem verður á starfslaunum Reykjavíkurborgar næsta árið

að mikið undanfarið. Að nokkru stafar það af því að nú er starfrækt myndhöggvaradeild við Myndlista- og handíðaskólann. Svo var ekki til skamms tíma.

Nú, Myndhöggvarafélagið er mjög skemmtilegur félagsskapur og víðsýnn held ég. Stóra samsýning félagsins í vor sýndi það. Þar var allt frá hefðbundnum skúlptúr til videoverka.

Það fer í vöxt að listamenn höggvi verk sín í grjót. Eg hef ekki notað það efni mikið. Eg nota aðallega leir og steinsteypu, einnig járn og hef áhuga á að gera meira af því. Eg hef einnig reynt gler. Þetta er allt opið núna og allt leyfilegt.


Vinnustofan mín er mjög lítil þannig að ég gæti vel hugsað mér að nota aðstöðuna sem Myndhöggvarafélagið hefur á Korpúlfsstöðum. Vinnuaðstaðan þar er mjög góð enda hafa þar verið gerðir stórkostlegir hlutir. Borgaryfirvöld hafa reynt félaginu vel, lána aðstöðuna endurgjaldslaut en fá viðhald á húsinu í staðinn.“

Að þeim orðum mæltum kveðjum við Steinunni þar sem hún býr meðal Bráðræðishyflinga vestur á Framnesvegi.


GK

Okkur tókst það sem Dönur hefur ekki tekist, að fá lúxus-gerðina af Skoda á frábæru afsláttarverði og skutum þeim þar með ref fyrir rass.

Skoda 120 LS er sérlega hentugur fjölskyldubíll, búinn hagkvæmum eiginleikum.



Þú getur meira að segja sofði í honum. Hægt er að leggja sætisbókin niður til að skapa svefnaðstöðu í neyð.



1700 lítra farangursrými.

Með því að leggja aftursætið fram næst möguleiki á að flytja ýmislegt með sér í bílnum svo sem barnavagn eins og hér sést.

ALLT ÞETTA FÆRÐU Í SKODA 120 LS

- Vél 1200 58 din hö.
- 55 amperstunda alternator.
- Allt að 1700 l farangursrými.
- Fellanleg sætisbók afturí.
- Halogen framljós.
- Pokuljós aftan.
- Læst bensínlok.
- Spegill utan H/V.
- Rafmagnsrúðsprautur.
- Barnalæsingar.
- Geymsluhólf v/gírstöng.
- Öskubakkar í afturhurðum.
- Lúxus hljóðeinangrun.
- Aflhelmlar.
- Tannstangarstýri.
- Afturrúðuhitari.
- 2ja hraða miðstöð.
- Vindskeið „spoiler“ framan og aftan.
- Sportfelgur.
- Snúningsmælir.
- Hert öryggisgler.
- Plussáklæði á sætum.
- Aðvörunarljós f. bensín.
- Stillanlegir höfuðpúðar.
- Daily trip recorder ferðamælir.
- Styrktargrind í farþegarými.
- Hallanleg sætisbók á framstólum.
- Sjálfstæð gormafjöðrun við hvert hjól.
- Lungamjúkir radial hjólbarðar (165 SR 13).

KOMDU, SKOÐAÐU OG SKELLTU ÞÉR Í PRUFUTÚR!

JÖFUR HF

NÝBYLAVEGI 2 KÓPAVOGI SÍMI 42600

